

Bókun Sjálfstæðisflokkssins vegna stjórnkerfisbreytinga hjá Akraneskaupstað.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins fagna þeirri stjórnkerfisbreytingu sem lögð er fram til samþykktar í bæjarstjórn í dag 10. maí 2022. Um er að ræða skynsamlegar breytingar sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram í árslok 2020 og voru felldar af núverandi meirihluta Samfylkingarinnar og Framsóknar og frjálsra. Nýtt skipurit, byggt á vinnu Capacent, var tekið upp í byrjun árs 2021 og afgreitt í ágreiningi.

Núverandi breytingarnar felast einna helst í því að efla á fjármáladeild Akraneskaupstaðar með það að markmiði að skerpa áherslur á fjármálastjórnun og efla kostnaðarvitund í fagráðum og stofnunum bæjarins. Þá eru menningarmálum fundinn góður staður í skipuriti með sterkt tengsl við stjórnsýsluna sem er löngu tímabært.

Skrifstofa bæjarstjóra er þá lögð niður og þeim verkefnum fundinn nýr staður í nýju skipuriti.


Skipulagsbreytingarnar sem lagðar eru nú fram til samþykktar eru unnar í sátt í bæjarráði og á milli flokka sem er mikilvægt fyrir nýja bæjarstjórn að taka við.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins þakka sviðsstjórum og öðrum embættismönnum fyrir sýndan skilning og biðlund í þessu erfiða ferli.

Rakel Óskarsdóttir



Sandra Margrét Sigurjónsdóttir



Einar Brandsson



Ólafur G. Adolfsson

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Ólafur G. Adolfsson'.